

Þriðjudagurinn 18. apríl 2006

Ákvörðun nr. 14/2006

Beiðni Félags íslenskra hljómlistarmanna um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga til að gefa út gjaldskrá fyrir organistadeild félagsins

I.

Erindið og aðdragandi þess

1.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2006 *Ólögmætt samráð innan Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna útgáfu gjaldskrár fyrir organistadeild félagsins* komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að félagið hefði farið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með vísan til 37. gr. samkeppnislaga var Félagi íslenskra hljómlistarmanna gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð eitt hundrað þúsund krónur.

2.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 16. febrúar 2006, frá Eggerti B. Ólafssyni hdl., f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), þar sem óskað var eftir undanþágu fyrir sameiginlega gjaldskrá Félags íslenskra organleikara (FÍO), sbr. 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Segir að FÍO sé aðili að FÍH og muni FÍH gefa út gjaldskrána fyrir hönd félagsins fáist umbeðin undanþága.

Í bréfinu segir að organleikarar séu tónlistarmenn sem séu menntaðir til að flytja organleik á kirkjuorgel. Sé organleikur skilgreindur sem hluti af kirkjuathöfnum og helgisiðum íslensku þjóðkirkjunnar, sbr. helgisiðabók hennar og starfsreglur sem kirkjuþing hafi sett organleikurum. Sé meirihluti félaga FÍO starfsmenn kirkjusókna. Um laun þeirra, réttindi og skyldur fari eftir kjarasamningi við prófastsdæmi Reykjavíkur og samkvæmt nefndum starfsreglum. Kjarasamningur FÍO við prófastadæmi Reykjavíkur taki hins vegar ekki til svonefndra sérathafna, þ.e. kirkjulegra athafna sem ekki séu hluti af guðsþjónustum og helgistundum. Kemur fram að helstu sérathafnir séu útfarir, hjónavígslur og skírnir.

Engu að síður sé organleikur við sérathafnir hluti af starfsskyldum organleikara sem þeir geti ekki skorast undan, enda teljist þeir samkvæmt lögum þjóðkirkjunnar þjónar þeirra kirkjusókna sem þeir séu ráðnir til og eigi sóknarbörn lagalegan rétt á organleik við allar sérathafnir sem fari fram að

þeirra ósk. Leiði það m.a. af 4. mgr. 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfhætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og nefndum reglum kirkjuþings, sbr. auglýsingu nr. 823/1999.

Þá segir að föst laun organleikara taki ekki til tónlistarflutnings við sérathafnir. Hins vegar sé ljóst að kjarasamningur organleikara geri ráð fyrir að organleikarar hafi einnig tekjur í formi þóknunar fyrir organleik við slíkar athafnir. Þóknunir fyrir sérathafnir séu þannig hluti af starfskjörum organleikara. Því hafi sú gjaldskrá sem til skamms tíma var í gildi fyrir organleik við sérathafnir verið samþykkt af viðsemjanda FÍO og þóknun samkvæmt henni aðeins breyst ef föst laun organleikara breyttust. Hefði þetta fyrirkomulag samrýmt í senn hagsmunum kirkjusókna, sóknarbarna og organleikara. Organleikurum hafi verið tryggð sanngjörn þóknun fyrir flutninginn, en sóknarbörnum tryggður organleikur gegn sanngjarnri þóknun samhliða því að losna við að leita til organleikara og semja við hann um þóknun vegna þátttöku hans í þeirri heilögu athöfn sem um hafi verið að ræða hverju sinni. Þá hafi gjaldskráin tryggt kirkjusóknir fyrir því að þær kirkjulegu athafnir, sem sérathafnir séu, færu fram við eðlileg skilyrði þar sem organleikarar og sóknarbörn myndu sætu við sama borð þar sem hvorugur aðilinn gæti nýtt sér aðstöðu hins. Í þessu sambandi er vísað til þess að organleikur við kirkjuathafnir sé í senn listflutningur og trúarleg athöfn sem ekki falli að lögmálum framboðs og eftirspurnar.

Með vísan til þess sem fram sé komið er það mat FÍH að skilyrði séu til að veita gjaldskrá vegna organleiks við sérathafnir undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga.

Þá kemur fram að útfarir hafi nokkra sérstöðu hvað organleik varði. Í fyrsta lagi sé leikið á organ við allar útfarir. Í öðru lagi sé skipulag útfara að mestu hjá útfararstofum. Segir að frá andláti til útfarar líði að meðaltali 7 til 10 dagar. Á þeim tíma þurfi að skipuleggja og framkvæma margt sem lúti að útför og jarðsöng, þ. á m. organleik við jarðsöng og stundum við kistulagningu. Megi fullyrða að án þjónustu útfararstofa væri aðstandendum látinna oft ógerlegt að ráða fram úr öllum þeim atriðum sem ákveða þurfi í tengslum við útfarir. Sé sameiginleg gjaldskrá organleikara forsenda þess að samskipti við þá geti verið hluti af þeirri þjónustu sem útfararstofur veiti.

Án sameiginlegrar gjaldskrár organleikara sé hætt við að viðskiptaleg samskipti vegna organleiks við útfarir hætti að vera á milli aðstandenda og útfararstofa, en fari þess í stað með beinum hætti á milli organleikara og aðstandenda. Þá verði þóknun fyrir organleik orðin að viðskiptalegu samningsatriði milli útfararstofu og organleikara þar sem samningsstaðan væri ójöfn þar sem organleikari viðkomandi kirkju geti í raun ekki neitað að flytja organleik við útfarir sem gerðar séu frá kirkju hans. Auk þess sé óvíst hvort að lægra verði fyrir organleik myndi skila sér til aðstandenda þar sem organleikur væri orðinn einn af mörgum þjónustupáttum sem útfararstofur selji aðstandendum í einu lagi. Fyrir þjóðkirkjuna og organleikara væri óásættanlegt að organleikur yrði verslunarvara hjá útfararstofum. Viðbrögð organleikara myndu þá að öllum

líkindum verða þau að neita að eiga samskipti við útfararstofur og ræða þess í stað beint við aðstandendur um þóknun og annað sem að organleiknum lyti. Afleiðingar slíks væru að fyrirhöfn aðstandenda vegna skipulagningar útfara myndi aukast til muna.

Þá kemur fram það mat FÍH að einstök skilyrði 15. gr. samkeppnislaga séu uppfyllt. Þannig sé milliganga útfararstofa að því er varðar organleik við útfarir ekki aðeins til mikils hagræðis fyrir aðstandendur látinna, þ.e. neytendur, heldur leiði hún til vinnusparnaðar fyrir organleikara, enda ljóst að bein samskipti milli eins eða fleiri aðstandenda og organleikara fyrir útfarir gætu orðið mjög tímafrek. Sameiginleg gjaldskrá færi því bæði neytendum og organleikurum ávinning um leið og hún einfaldi milligöngu útfararstofa. Hér beri að ítreka að ef ekki verði veitt undanþága fyrir gjaldskrá vegna organleiks við útför sé hætt við að organleikur verði einn af þjónustuliðum útfararstofa sem viðkomandi útfararstofa hefði hag af því að fá sem mest fyrir. Verði því að telja að sameiginleg gjaldskrá fullnægi bæði skilyrðum a. og b. liðar 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga.

Þá selji organleikarar ekki fyrirtækjum þjónustu sína, en af þeim sökum sé ekki um að ræða að gjaldskráin leggi höft á hlutaðeigandi fyrirtæki, sbr. orðalag 15. gr. samkeppnislaga. Séu útfararstofur ekki viðsemjendur organleikara heldur komi þær fram gagnvart organleikurum sem umboðsmenn aðstandenda látinna.

Loks verði ekki séð að undanþága fyrir sameiginlega gjaldskrá veiti þeim færi á því að takmarka eða koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta viðkomandi markaðar. Viðkomandi markaður sé organleikur við sérathafnir, þar sem organleikur við útfarir sé einn af undirmörkuðum. Einu samningarnir á viðkomandi mörkuðum lúti að gjaldtöku fyrir organleik sem nú sé sótt um að megi vera samkvæmt sameiginlegri gjaldskrá.

2.

Við meðferð málsins var ákveðið að leita sjónarmiða nokkurra aðila sem reka útfararþjónustu, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 24. mars 2006. Svar barst frá Árna Vilhjálmssyni hrl., f.h. Útfararsstofu Kirkjugarðanna ehf., með bréfi dags. 31. mars 2006. Í bréfinu segir m.a. að fallast megi á að útfarir hafi nokkra sérstöðu miðað við aðrar kirkjulegar athafnir. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að organleikur við útfarir sé hluti af stórri heild við skipulagningu útfara. Væri sennilegt að ef ekki yrði fallist á útgáfu gjaldskrár vegna organleiks í útförum þyrftu aðstandendur látinna að semja beint við organleikara, sem oft myndi fela í sér erfiða stöðu fyrir þá.

Athugasemdir bárust ekki frá öðrum aðilum.

II.

Niðurstaða

1.

Í 10. gr. samkeppnislaga kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað séu bannaðar. Í 1. mgr. 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum.

2.

Í 15. gr. samkeppnislaga er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá ákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga um bann við samkeppnishamlandi samvinnu fyrirtækja og samtaka fyrirtækja.

Skilyrði fyrir því að Samkeppniseftirlitið geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. eru þau „...að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflri tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða."

Öll skilyrði ákvæðisins verða að vera uppfyllt svo að til greina komi að veita undanþágu samkvæmt ákvæðinu.

Sú gjaldskrá sem um er fjallað í máli þessu og hér er sótt um undanþágu fyrir hefur eðli málsins samkvæmt nokkra sérstöðu sé miðað við þær tegundir samninga, samþykktu o.s.frv. sem undanþáguákvæðið vísar almennt til. Þannig liggur fyrir að viðskiptaumhverfi organista er ekki með öllu hefðbundið, m.a. þar sem stór hluti sérathafna organista fer fram við kistulagningu og jarðarfarir. Þá líta organistar á störf sín sem órjúfanlegan hluta af þeim helgiathöfnum sem fram fara í kirkjum landsins sem og að gjaldskrá þeirra er í nokkrum tengslum við kjarasamning þann sem FÍO hefur gert við sóknarnefndir Reykjavíkurprófastsdæma.

Samkeppniseftirlitið telur aðstæður í þessu máli með þeim hætti að forsendur séu fyrir því að veita undanþágu frá bannákvæði 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga á grundvelli 15. gr. laganna. Skilyrði undanþágunnar eru að umrædd gjaldskrá gildi aðeins um þóknun fyrir organleik sem fer fram við útför og eftir atvikum við kistulagningarbæn. Fellst Samkeppniseftirlitið á sjónarmið FÍH um sérstöðu þessara athafna miðað við aðrar sérathafnir þar sem organleikur fer fram. Þannig er t.d. skipulag útfara almennt að mestu í höndum útfararstofa. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að gjaldskrá í þessum tilvikum

feli í sér hagkvæmni t.a.m. með þeim hætti að aðstandendur látinna þurfa aðeins að snúa sér til útfararstofu við skipulagningu útfarar, sem m.a. myndi annast milligöngu um organleik fyrir þeirra hönd. Telur Samkeppniseftirlitið skilyrði a. og b. liðar 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga uppfyllt. Þá er það einnig mat Samkeppniseftirlitsins að sameiginleg gjaldskrá vegna þóknunar fyrir organleik við útfarir uppfylli skilyrði c. og d. liða sömu greinar.

Með vísan til þess sem hér segir er það mat Samkeppniseftirlitsins að beiðni FÍH um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga til að gefa út gjaldskrá fyrir hönd FÍO fyrir organleik við útfarir, og eftir atvikum við kistulagningu, uppfylli kröfur umræddrar lagagreinar. Að öðru leyti er FÍH óheimilt að ákveða og semja um eða á annan hátt fjalla um gjaldskrá fyrir hönd organistadeildar félagsins vegna organleiks við aðrar kirkjulegar sérathafnir, s.s. við giftingu eða skírnir.

Ákvörðunarorð:

„Gjaldskrá Félags íslenskra hljómlistarmanna fyrir organistadeild félagsins fer gegn 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið Félagi íslenskra hljómlistarmanna undanþágu frá ákvæðum 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga til að gefa út gjaldskrá fyrir organistadeild félagsins vegna organleiks sem fer fram við útfarir og eftir atvikum við kistulagningu. Að öðru leyti er Félagi íslenskra hljómlistarmanna óheimilt að ákveða og semja um eða á annan hátt fjalla um gjaldskrá fyrir hönd organistadeildar félagsins vegna organleiks við aðrar kirkjulegar sérathafnir, s.s. við giftingu eða skírnir.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson